

Ed.

403. Nefndarálit

[18. mál]

um frv. til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á mörgum fundum. Sendi hún frumvarpið til umsagnar ýmissa aðila sem hún taldi að mál þetta varðaði. Einnig boðaði nefndin á sinn fund til viðræðu og upplýsinga fulltrúa allra þeirra aðila, sem unnu að gerð frumvarpsins, svo og þeirra er hún áleit að hefðu hagsmuna að gæta. Í þeim umræðum kom fram, að fulltrúar allra, er að frumvarpsgerðinni stóðu, náðu samstöðu um frumvarpið, nema fulltrúi Heilbrigðiseftirlits ríkisins sem skilaði sérálit.

Frumvarp þetta er samið í framhaldi af sameiginlegum tillögum sem aðilar vinnumarkaðarins lögðu fram í kjarasamningum vorið 1977 um aðgerðir í vinnuverndarmálum og samþykktar voru af þeim og ríkisstjórninni 19. apríl 1977.

Hinn 22. júní 1977 ritaði forsætisráðuneytið Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna bréf þar sem segir m. a.: „Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd til að semja frv. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.“ Var nefnd þessi skipuð hinn 14. sept. 1977 og áttu sæti í henni þrjú fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, tveir fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands, einn fulltrúi frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og þrjú fulltrúar skipaðir af félagsmálaráðherra.

Nefnd þessi hafði samráð við fjölmargar stofnanir, sem lögum samkvæmt hafa eftirlit á vinnustöðum hér á landi, og vann nefndin samkvæmt því meginþingarmáli að eftirlit með aðbúnaði hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum yrði sem allra mest innan vinnustaðanna sjálfra.

Í frumvarpi þessu er, í samráði við samkomulagið frá 19. apríl 1977, lagt til að ein stofnun, Vinnueftirlit ríkisins, sjái um framkvæmd laganna. Er með því lögð rík áhersla á nauðsyn náins samstarfs allra þeirra aðila sem hafa eftirlit á vinnustöðum. Til þess að komið verði í veg fyrir tvöfalt og margfalt eftirlit með sama þætti á vinnustað, eins og nú vill brenna við.

Félagsmálanefndinni hárust margar umsagnir um frv. og hefur hún fjallað ítarlega um þær allar. Margar umsagnirnar háru ljós merki þess samstarfs og samkomulags, sem náðst hafði með aðilum vinnumarkaðarins við gerð frumvarps þessa, og náinna tengsla þess við kjarasamninga, svo sem að framan greinir.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún stendur sameiginlega að og fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja sérstökum breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 30. apríl 1980.

Guðm. Bjarnason,
varaform., frsm.
Salome Þorkelsdóttir,
með fyrirvara.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr.
Sigurlaug Bjarnadóttir,
með fyrirvara.
Guðm. Karlsson,
með fyrirvara.

Stefán Guðmundsson.
Guðrún Hallgrímsdóttir,
með fyrirvara.